



Kópavogsbær

Stöðuskýrsla um innleiðingu farsældarlaga hjá Kópavogsbæ



**FARSÆLD
BARNA**

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Staðan í rafræna beiðnakerfinu við lok skólaárs 2025	3
Rýnifundir í skólum og viðtöl við málstjóra	6
Stöðumat byggt á gátlistum handbókar farsældar	9
Upphaf og undirbúningur – gátlisti 1.1	10
Fræðsla – gátlisti 2.1	10
Stigskipting farsældarþjónustu – úrræðaskjal - gátlisti 2.2	12
Vinnsla persónuupplýsingar við samþættingu þjónustu – gátlisti 2.3	12
Tengiliðir farsældar – gátlisti 2.4	13
Málstjórar farsældar – gátlisti 2.5.....	14
Farsældarráð	16
Næstu skref	17

Inngangur

Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (nr. 86, 2021) tóku gildi 1. janúar 2022 en gert er ráð fyrir fimm ára innleiðingarferli. Lögin hafa verið nefnd farsældarlögin til einföldunar en þau eiga að sjá til þess að börn og foreldrar hafi greiðan aðgang að þjónustu og að þau fái rétta aðstoð, á réttum tíma, frá réttum aðilum. Með því að tengja þjónustuveitendur saman og vinna í sameiningu að farsæld barna verður auðveldara fyrir börn og foreldra að fá aðstoð við hæfi. Starfsfólk leik-, grunn- og framhaldsskóla, félagsþjónustu, íþróttta, tómstunda eða heilbrigðisþjónustu hefur fengið aukna ábyrgð sem felur í sér að koma auga á aðstæður barna og bregðast við strax og þörf er á. Markmiðið er að þau sem vinna með börnum og fjölskyldum leggi sitt af mörkum til að tryggja verndandi þætti í lífi allra barna.

Börn og foreldrar skulu hafa aðgang að tengilið í heilsugæslu, leik-, grunn- og framhaldsskóla eða hjá félagsþjónustu. Þar geta þau fengið aðstoð við að sækja viðeigandi þjónustu, án hindrana, á öllum þjónustustigum. Í flóknari málum hafa börn og foreldrar aðgang að málstjóra hjá velferðarsviði eða þar sem þarfir barns liggja hverju sinni. Hér er um að ræða boð um samþættingu þjónustu fyrir börn og foreldra sé þess óskað. Tilgangur löggjafarinnar er að börn og fjölskyldur þeirra falli ekki á milli kerfa og séu ekki send á milli þjónustuaðila innan sveitarfélaga og ríkisstofnana. Útgangspunkturinn í öllu sem er gert á að vera barnið og hagsmunir þess.

Í stöðuskýrslu verkefnastjóra frá 1. júlí 2024 koma fram upplýsingar um innleiðingu farsældarlaga hjá Kópavogsbæ frá því lögin voru samþykkt og fram að gerð skýrslunnar. Eftir að lögin voru samþykkt skipuðu sviðsstjórar mennta- og velferðarsviðs fulltrúa frá hvoru sviði í innleiðingarteymi. Nú sitja sjö fulltrúar í innleiðingarteymi farsældar hjá Kópavogsbæ. Það eru Ásdís Emilía Gunnlaugsdóttir, verkefnastjóri skólaþjónustu leikskóladeildar; Elísa Guðnadóttir, ráðgjafi farsældar í leikskólum Kópavogsbæjar; Ingunn Mjöll Birgisdóttir, verkefnastjóri á menntasviði; Jóhanna Lilja Ólafsdóttir, skrifstofustjóri á velferðarsviði; Tryggvi Guðjón Ingason, verkefnastjóri skólaþjónustu grunnskóladeildar og Sólveig Norðfjörð, verkefnastjóri innleiðingar farsældarlaga.

Skólaárið 2023–2024 tók Sólveig Norðfjörð (Farsæld sf.) að sér verkefnastjórn innleiðingar laganna fyrir Kópavogsbæ. Verkefnastjóri heldur utan um starf innleiðingarteymis og verkefni sem tengjast innleiðingu laganna hjá Kópavogsbæ. Starfið felur í sér fræðslu og ráðgjöf til starfsfólks og stofnana sem veitir börnum og fjölskyldum þjónustu í Kópavogsbæ og samstarf við stofnanir og fagfólk sem vinnur að innleiðingu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna á landsvísu. Nú hefur verið tekin ákvörðun um að halda samstarfinu áfram út innleiðingartímabilið eða til loka árs 2026. Sólveig, Jóhanna Lilja og Elísa mynda kjarnateymi sem heldur utan um helstu verkefni sem snúa að innleiðingu farsældarlaga. Aðrir í teyminu koma að verkefninu eftir þörfum hverju sinni.

Innleiðingarteymi hefur lagt áherslu á sameiginlega sýn, þróun verklags, fræðslu og stuðning við tengiliði og málstjóra. Skilgreindir voru tveir hópar á Teams til að halda utan um gögn og upplýsingar. Annars vegar Teams-svæði farsældar fyrir tengiliði, málstjóra og stjórnendur þar sem eru hagnýt gögn og upplýsingar sem tengiliðir og málstjórar þurfa að nýta í sínum störfum. Hins vegar Teams-svæði innleiðingarteymis þar sem gögn sem tengjast innleiðingu farsældarlaga eru geymd. Áður en innleiðingarteymi lýkur störfum verða gögnin yfirfarin með skjalastjóra og þau vistuð á viðeigandi stöðum út frá þörfum starfsfólks um aðgengi að upplýsingum og reglum um skjalavistun.

Talsverð vinna hefur farið í að móta nýtt eða breytt verklag sem hefur verið í stöðugri þróun á innleiðingartímabilinu. Kópavogsbær nýtir rafrænt beiðnakerfi tengt skráningar- og skjalavistunarkerfinu OneSystems. Rafræna beiðnakerfið auðveldar samstarf foreldra, skóla og mennta- og velferðarsviðs og eykur persónuvernd og öryggi tengt flutningi og vistun gagna. Rafræna beiðnakerfið gerir okkur líka kleift að hafa yfirsýn yfir fjölda og stöðu mála í bænum, veita eftirfylgd og skila tölulegum upplýsingum til Barna- og fjölskyldustofu (BOFS). Verklag, eyðublöð og sniðmát þarf að próa í samstarfi við notendur, skjaladeild og BOFS og það þarf að bjóða reglulega upp á fræðslu og tryggja aðgang að ráðgjöf og aðstoð.

Vinnulýsing hefur verið í stöðugri þróun allt innleiðingartímabilið og nú liggur fyrir nákvæm vinnulýsing sem tengiliðir og málstjórar hafa aðgang að á Teams-svæði farsældar. Áætlað var að setja vinnulýsingu í gæðakerfið haustið 2024 en ákveðið var að fresta því þar til innleiðingarteymi lýkur störfum þar sem við erum enn að takast á við nýjar aðstæður eða ný tilvik og fá ábendingar um eitthvað sem betur mætti fara. Markmiðið er að vinnulýsingin verði eins góð og mögulegt er þegar innleiðingartímabili lýkur þannig að verklagið sé skýrt á öllum stigum samþættingar í sem flestum aðstæðum og þannig að starfsfólk eigi auðvelt með að nýta vinnulýsinguna í sínum störfum.

Við lok skólaárs vorið 2025 var farið yfir stöðuna í beiðnakerfinu og haldnir voru rýnifundir með tengiliðum, málstjórum og stjórnendum. Farið var yfir stöðuna á fundum með tengiliðum og stjórnendum í öllum leik- og grunnskólum og tekin voru einstaklingsviðtöl við alla málstjóra og fundað með stjórnendum á velferðarsviði í framhaldi af því. Hér á eftir verður farið yfir tölulegar upplýsingar úr beiðnakerfinu og niðurstöður rýnifunda með tengiliðum, málstjórum og stjórnendum. Einnig verður farið yfir niðurstöður stöðumats sem byggist á gátlistum handbókar farsældar frá Barna- og fjölskyldustofu. Í framhaldi af því verður farið yfir næstu skref og aðgerðaáætlun sem gildir út lok árs 2026 eða þar til innleiðingartíma farsældarlaga lýkur.

Staðan í rafræna beiðnakerfinu við lok skólaárs 2025

Farið var yfir fjölda mála við lok skólaárs út frá skólastigum og stigum samþættingar og hlutfall samþættingarmála af nemendafjölda var skoðað. Í fyrsta stigs málum sem voru stofnuð skólaárið 2024-2025, fyrir 1. júní, var skoðað sérstaklega hvort frummat hafði

verið unnið í samræmi við farsældarlög. Í 2. stigs málum sem voru stofnuð fyrir skólaárið 2024-2025, fyrir 1. Júní, var skoðað sérstaklega hvort búið var að vinna stuðningsáætlun í samræmi við farsældarlög.

Við lok skólaárs 2025 voru 621 mál í samþættingu þjónustu í leik- og grunnskólum Kópavogsbæjar. 447 mál voru unnin á 1. stigi samþættingar eða um 72% mála, 129 á 2. stigi samþættingar eða um 21% mála og 45 á 3. stigi samþættingar eða um 7% mála. Í töflu 1 má sjá heildarfjölda mála við lok skólaárs út frá skólastigum og stigum samþættingar og hlutfall samþættingarmála af heildarfjölda nemenda.

Tafla 1. Samþætting í skólum Kópavogsbæjar við lok skólaárs 2025

	1. stig	2. stig	3. stig	Heild	Nemendafjöldi	Hlutfall
Leikskólar	160	21	4	185	2073	9,0%
Grunnskólar	287	108	41	436	4977	8,8%
Heild	447	129	45	621	7050	8,8%

Þegar fjöldi samþættingarmála er skoðaður út frá nemendafjölda kemur í ljós að þjónusta var samþætt út frá farsældarlögum hjá tæplega 9% barna í leik- og grunnskólum Kópavogsbæjar. Rétt er að taka fram að tölur hér snúa aðeins að börnum í leik- og grunnskólum Kópavogsbæjar. Ráðgjafar á velferðarsviði sinna einnig málstjórn í málum barna og ungmenna í skólum utan sveitarfélags og framhaldsskólum og barna sem hafa ekki hafið skólagöngu eða hafa lokið henni. Tengiliðir á heilsugæslu bera ábyrgð á samþættingu þjónustu á 1. stigi hjá yngstu börnunum sem eru ekki byrjuð í leikskóla og tengiliðir framhaldsskóla bera ábyrgð á samþættingu þjónustu á 1. stigi hjá framhaldsskólanemum. Einnig er rétt að benda á að ráðgjafar á velferðarsviði sinna ráðgjöf í sumum málum sem eru samþætt á 1. stigi hvort sem það er í leik- og grunnskólum Kópavogsbæjar eða annars staðar og fulltrúar frá skólum sitja í stuðningsteymum hjá öllum nemendum sem eru með samþætta þjónustu á 2. og 3. stigi.

Þegar staðan er skoðuð út frá hverjum skóla fyrir sig kemur í ljós að fjöldi samþættingarmála var misjafn milli skóla. Í töflu 1 má sjá að 185 mál voru samþætt í leikskólum Kópavogsbæjar. Það er ánægjulegt að sjá að samþætting þjónustu er farin vel af stað í öllum 22 leikskólum Kópavogsbæjar en fjöldi samþættingarmála dreifðist frá 4 samþættingarmálum í 19 mál. Samþætting þjónustu er einnig farin vel af stað grunnskólum Kópavogsbæjar en þar voru 436 mál samþætt og dreifingin var frá 24 samþættingarmálum í 88 mál. Fjöldi samþættingarmála í skólum skýrist að hluta til af nemendafjölda en aðrir þættir skipta líka máli. Grunnskólar með sérdeildir fyrir einhverf börn hafa til að mynda hærra hlutfall samþættingarmála samanborið við aðra grunnskóla. Þessar upplýsingar eru hjálplegar til að átta sig á hvort einstaka skólar þurfi stuðning og/eða hvort skólahverfin séu ólík hvað varðar fjölda barna sem hafa þörf fyrir samþættingu þjónustu.

Eitt af lögbundnum verkefnum tengiliða er að vinna frummat á þörfum barna og fjölskyldna við upphaf samþættingar. Þar sem þjónusta og teymisvinna var löngu hafin hjá

mörgum börnum þegar farsældarlögin voru samþykkt lá það fyrir að það yrði talverð vinna að koma samþættingu þjónustu af stað hjá öllum þessum börnum, samhliða því að hefja samþættingu þjónustu þegar vandi er að koma upp í fyrsta skipti. Á sama tíma er verið að þróa nýtt verklag og gera þarf ráð fyrir því að tengiliðir þurfi tíma til að læra ný vinnubrögð. Ákveðið var að taka stöðumat á því hvar við stæðum varðandi gerð frummat í samþættingarmálum sem voru stofnuð skólaárið 2024-2025. Í töflu 2 hér fyrir neðan má sjá fjölda 1. stigs mála sem voru stofnuð í leik- og grunnskólum skólaárið 2024-2025, fyrir 1. júní, ásamt fjölda og hlutfalli mála þar sem frummat hafði verið unnið.

Tafla 2. Ný 1. stigs samþættingarmál í leik- og grunnskólum skólaárið 2024-2025 og frummöt

Skóli	Fjöldi 1. stigs mála	Frummat - fjöldi	Frummat - hlutfall
Leikskólar	93	91	97,8%
Grunnskólar	146	84	57,5%
Heild	239	175	73,2%

Ákveðið var að skoða aðeins mál sem voru stofnuðu fyrir 1. júní þar sem stöðumatið fór fram í júní og óraunhæft að ætla að frummat hafi verið unnið í málum sem voru stofnuð eftir 1. júní. Ánægjulegt er að sjá að tengiliðir leikskóla hafa náð að vinna frummat í langflestum málum sem voru stofnuð síðasta skólaár eða í um 98% tilvika. Staðan er ekki jafn góð í grunnskólum en nú hafa tengiliðir grunnskóla náð að vinna frummat í um 58% tilvika. Sum málanna þar sem ekki hafði verið unnið frummat voru stofnuð í apríl og maí og það er eðlilegt að það taki tengilið tíma að safna upplýsingum í frummat frá barni, foreldrum og fagfólki. Það má líka reikna með því að það taki grunnskóla lengri tíma að bregðast við uppsafnaðri þörf fyrir samþættingu þjónustu samanborið við leikskóla. Elstu nemendur leikskólans eru nú fæddir árið 2020 og því hafa flest börn í leikskólum hafið leikskólagöngu eftir að farsældarlögin voru samþykkt en það sama á ekki við um grunnskólann fyrr en eftir 10 ár. Frummat er hugsað sem verkfæri tengiliða til að kortleggja þarfir barna þegar þörf fyrir samþætta þjónustu vaknar en eftir að lögin voru samþykkt hafa foreldrar skrifað undir beiðni um samþættingu þjónustu bæði þegar þörf fyrir samþættingu þjónustu er að koma upp í fyrsta skipti og þegar einstaklingsmiðuð þjónusta og teymisvinna í kringum barn er löngu hafin. Í þeim málum þar sem markviss þjónusta og teymisvinna var í góðum farvegi þegar samþætting hófst samkvæmt farsældarlögum er minni þörf fyrir frummat svo tengiliðir grunnskóla hafa frekar einbeitt sér að frummati í nýjum málum og í málum sem eru ekki í skýrum og góðum farvegi við upphaf samþættingar.

Eitt af verkefnum málstjóra er að vinna stuðningsáætlun með stuðningsteymi í 2. og 3. stigs samþættingarmálum. Þar sem víðtæk þjónusta var löngu hafin hjá mörgum börnum þegar farsældarlögin voru samþykkt lá það fyrir að það yrði talverð vinna að gera stuðningsáætlanir hjá öllum þessum börnum, samhliða því að bregðast við nýjum málum, á sama tíma og nýtt verklag er þróað og málstjórar þurfa tíma til að læra ný vinnubrögð. Við innleiðinga farsældarlaga í Kópavogsbæ var fyrst lögð áhersla á samþættingu á 1. stigi, síðan á samþættingu á 2. stigi og þetta skólaár er lögð áhersla á samþættingu á 3. stigi.

Því var ákveðið að taka stöðumat á því hvar við stæðum varðandi gerð stuðningsáætlana í málum sem voru stofnuð skólaárið 2024-2025 og samþætt á 2. stigi. Í töflu 3 hér fyrir neðan má sjá fjölda 2. stigs mála sem voru stofnuð í leik- og grunnskólum skólaárið 2024-2025, fyrir 1. júní, ásamt fjölda og hlutfalli mála þar sem stuðningsáætlun hafði verið unnið.

Tafla 3. Ný 2. stigs samþættingarmál skólaárið 2024-2025 og stuðningsáætlanir

Skólastig	Fjöldi mála	Stuðningsáætlun - fjöldi	Stuðningsáætlun - hlutfall
Leikskólar	6	4	66,7%
Grunnskólar	19	12	63,2%
Heild	25	16	64%

Ákveðið var að skoða aðeins mál sem voru stofnuðu fyrir 1. júní þar sem stöðumatið fór fram í júní og óraunhæft var að ætla að það hafi verið unnin stuðningsáætlun í málum sem voru stofnuð eftir 1. júní. Ánægjulegt er að sjá að búið var að vinna stuðningsáætlun í 64% tilvika. Sum málanna þar sem ekki hafði verið unnin stuðningsáætlun voru stofnuð í apríl og maí og það er eðlilegt að það taki tíma að safna upplýsingum í stuðningsáætlun. Auk þess sem það getur verið heppilegra að vinna áætlun með nýju stuðningsteymi á nýju skólaári ef von er á breytingum svo sem þegar barn færir um skólastig eða skiptir um skóla.

Rýnifundir í skólum og viðtöl við málstjóra

Í maí og júní funduðu fulltrúar innleiðingarteymis í öllum leik- og grunnskólum með tengiliðum farsældar og stjórnendum. Verkefnastjóri farsældar tók einstaklingsviðtöl við alla málstjóra og fulltrúar innleiðingarteymis funduðu með skrifstofustjórum barna- og fjölskylduteymis og barnaverndar og sviðsstjóra velferðarsviðs. Markmiðið með fundum og viðtölum var að fara yfir stöðuna á hverjum stað fyrir sig og fá upplýsingar til að nýta í áframhaldandi innleiðingu og aðgerðaáætlun innleiðingarteymis.

Niðurstöður bentu til þess að samþætting þjónustu væri farin vel af stað á 1. og 2. stigi en að styrkja þyrfti samþættingu þjónustu á 3. stigi. Hér verður farið yfir upplýsingar frá skólum og málstjórum á 2. stigi en ákveðið var að fylgja málstjórum á 3. stigi betur eftir með eftirfylgdarviðtölum sem fóru fram í ágúst og september.

Samþætting þjónustu á 1. og 2. stigi - helstu niðurstöður rýnifunda með tengiliðum, málstjórum barna- og fjölskylduteymis og stjórnendum:

- Tengiliðir og málstjórar hafa almennt góða þekkingu á farsældarlögum og verklagi samþættingar en sumum finnst ennþá erfitt að forgangsraða tíma í verkefni samþættingar vegna heildarálags verkefna sem þeir sinna.

- Meiri ávinningur af samþættingu þjónustu er farinn að koma fram í skólum. Mikill tími hefur farið í innleiðingu farsældarlaga en samþættingin er að skila betra utanumhaldi, meira samstarfi og markvissari vinnu.
- Allir skólar eru komnir af stað og byrjaðir að samþætta mál en staðan er misjöfn eftir skólum og kerfið er viðkvæmt fyrir stafsmannabreytingum.
- Farsældarvinnan þarf að dreifast á fleiri starfsmenn skóla og fléttast betur inn í daglegt skólastarf – flæða betur út í æðakerfi skólanna.
- Það er hjálplegt fyrir grunnskóla hvað leikskólarnir eru komnir vel af stað en það þarf að skerpa á skilum skólastiga í sumum málum.
- Samstarf skóla og málstjóra barna- og fjölskylduteymis hefur almennt verið gott og það er ánægja með aukin samskipti og bætt upplýsingaflæði.
- Það þarf að efla samstarf málstjóra barnaverndar og skóla og bæta upplýsingaflæði. Skólar upplifa að málstjórar barnaverndar séu allir af vilja gerðir en að þeir hafi ekki tíma til að sinna samþættingu þjónustu og vinna í samræmi við farsældarlög.
- Margir vilja leggja áherslu á markvissari skráningar í rafræna beiðnakerfinu. Starfsfólki finnst hjálplegt að vinna með samstarfsfólki sem stendur sig vel í þessu og margir vilja bæta sig á þessu sviði.
- Stuðningsefni frá BOFS og skilaboð frá samstarfsfólki og stofnunum um verklag og verkaskiptingu er ekki alltaf í fullkomnu samræmi við stöðuna út frá mannauði, tíma og áherslum innleiðingarteymis.
- Innleiðingarteymi leggur mesta áherslu á samstarf og að öll mál séu í skýrum farvegi (skýr áætlun, ábyrgð og verkaskipting). Foreldrar og fagfólk sem vinnur með barni og fjölskyldu þarf að skipuleggja verklagið í hverju máli fyrir sig út frá þörfum barns, markmiðum samþættingar og þannig að tími allra sé vel nýttur. Það deila ekki allir þessari sýn sem flækir stundum samstarf.
- Það hafa komið upp erfið mál og atvik þar sem reynt hefur á samskipti skóla og málstjóra. Við þurfum að læra af þessum málum og vera saman í liði.
- Tengiliðir, málstjórar og stjórnendur kalla eftir skýrari viðmiðum um samþættingu þjónustu á 2. stigi og verklagi þegar óskað er eftir málstjórum - hvers konar mál vinnum við á 2. stigi og hvers má vænta af málstjóra?
- Mál eru sjaldan færð aftur á 1. stig svo málafjöldinn eykst stöðugt hjá málstjórum á 2. stigi. Við þurfum að gæta þess að hafa mál ekki í of íþyngjandi farvegi og nýta tíma okkar allra vel.

- Sumir málstjórar í barna- og fjölskylduteymi finna ekki mikinn mun á vinnslu mála eftir því hvort það er samþætt eða ekki eða á hvaða stigi það er unnið.
- Sumir málstjórar upplifa mikið álag og að stundum séu gerðar séu óraunhæfar væntingar til þeirra.
- Það er erfitt fyrir alla þegar vantar úrræði og börn eru á biðlistum – samþættingin leysir það ekki.
- Samstarf við samstarfsfólk utan Kópavogsbæjar er stundum flókið s.s. vegna þessa að starfsfólk hefur ekki aðgang að sama gagnagrunni og innleiðingin er komin mislangt.
- Á rýnifundum var ekki auðvelt að átta sig á þekkingu stjórnenda á farsældarlögum og helstu verkefnum sem þeim tengjast en áætlað er að vinna nánar með stjórnendum sem munu taka við ábyrgð innleiðingarteymis þegar innleiðingartímabilinu lýkur.
- Tengiliðir leikskóla eru ánægðir með stuðning og gott aðgengi að ráðgjafa farsældar í leikskólum.
- Tengiliðir, málstjórar og stjórnendur eru almennt ánægðir með störf og stuðning innleiðingarteymis og starfsfólk velti fyrir sér hver myndi taka við ábyrgð og verkefnum innleiðingarteymis eftir að innleiðingunni lýkur.

Samþætting þjónustu á 3. stigi - helstu niðurstöður rýnifunda með málstjórum meðferðarteymis barnaverndar og stjórnendum:

- Hlutfallslega fá barnaverndarmál samþætt. Við þurfum að skoða betur af hverju mál eru ekki samþætt áður en þau fara í meðferð hjá barnavernd.
- Tilkynningum til barnverndar fer ennþá fjölgandi milli ára þrátt fyrir áherslur laganna um að grípa fyrr inn í aðstæður barna.
- Í viðtölum í maí og júní kom fram að flestir málstjórar unnu barnaverndarmál á svipaðan hátt hvort sem mál voru í samþættingu eða ekki.
- Margir málstjórar barnaverndar fundu ekki mikinn ávinning af samþættingu mála samanborið við vinnslu mála áður en farsældarlög voru samþykkt en höfðu oft litla reynslu á samþættingu þjónustu.
- Sumir málstjórar nefndu þó að þeir sæju ávinning þegar góðar skráningar voru undir málunum í rafræna beiðnakerfinu.
- Mikill tími fer í skráningar í barnaverndarmálum og tvískráningar þegar þarf líka að skrá upplýsingar í samþættingarmálin. Á sama tíma eru skráningar í rafræna beiðnakerfinu frekar hraðvirk leið til að halda góðu upplýsingaflæði sem er eitt helst umkvörtunarefni skóla í barnaverndarmálum.

- Málstjórar barnaverndar nefndu að tími væri helsta áskorunin en viðhorf virtust líka skipta máli - að hafa trú á því að samþættingin geti verið hjálpleg til lengri tíma litið.
- Málstjórar barnaverndar vildu bæta vinnubrögð tengd samþættingu þjónustu og þáðu allir eftirfylgdarviðtöl í ágúst og september. Í eftirfylgdarviðtölum komu fram vísbendingar um framfarir og málstjórar barnaverndar eru nú farnir að samþætta mál og vinna í samræmi við farsældarlög og vinnulýsingu.
- Það tekur tíma að breyta verklagi og læra nýja hluti og barnavernd þarf oft að forgangsraða tíma sínum í alvarlegustu og þyngstu málin en ef markmið farsældarlaga eiga að nást þurfum við líka að ná að sinna vægari málum til að fækka málum sem verð alvarleg og þung.

Stöðumat byggt á gátlistum handbókar farsældar

Innleiðingarteymi vinnur í nánú samstarfi við Barna- og fjölskyldustofu (BOFS) sem styður við innleiðingu farsældarlaganna á landsvísu og stendur fyrir samráðsfundum með þeim sem stýra innleiðingu farsældarlaga hjá sveitarfélögum landsins. Á heimsíðu BOFS (<https://www.bofs.is/>) er mikið af efni og upplýsingum sem innleiðingarteymi þarf að vera upplýst um og koma til skila til viðeigandi aðila sem starfa hjá Kópavogsbæ. Þar má t.d. nefna rafrænan farsældarskóla, eyðublöð og efni sem er búið að þýða á ensku og pólsku.

BOFS hefur einnig gefið út handbók um innleiðingu farsældarlaga sem inniheldur stöðumat byggt á gátlistum. Hér á eftir verður farið yfir niðurstöður stöðumatsins en Kópavogsbær hefur lokið 45 aðgerðum af 47. Innleiðingarhringur farsældarlaganna inniheldur sjö skref en gert er ráð fyrir því að það taki sveitarfélög og stofnanir mislangan tíma að ljúka við fyrsta hringinn. Að honum loknum er mikilvægt að setja saman ný markmið sem stuðla að því að viðhalda farsældinni í öllu starfi með börnum og fjölskyldum þeirra.

Skref innleiðingarhringsins eru:

1. Upphaf og undirbúningur
2. Stöðumat
3. Fræðsla
4. Aðgerðaáætlun
5. Framkvæmd
6. Lokamat, endurgjöf og verklagsreglur
7. Ný markmið og áframhald



Upphaf og undirbúningur – gátlisti 1.1

Kópavogsbær skipaði verkefnastjóra og innleiðingarteymi með fulltrúum frá mennta- og velferðarsviði til að halda utan um innleiðingu farsældarlaga þegar farsældarlögin voru samþykkt eins og fram kom hér að framan.

Verkefnastjóri og innleiðingarteymi hafa skýr hlutverk, skyldur og umboð og fulltrúar innleiðingarteymis hafa svigrúm til að sinna verkefnum innleiðingar farsældarlaga. Búið er að ljúka öllum aðgerðum gátlista 1.1 sem snýr að upphafi og undirbúningi innleiðingar farsældarlaga. Kópavogsbær hefur lokið 7 aðgerðum af 7 sem eiga við um Kópavogsbæ en 4 aðgerðir sem snúa að samningum og byggðarsamlögum eiga ekki við um Kópavogsbæ.

Tekin hefur verið ákvörðun um að stýrihópur Fléttunnar – farsældar barna muni taka við ábyrgð á verkefninu þegar innleiðingartímabili lýkur og innleiðingarteymi lýkur störfum. Stýrihópurinn heldur utan um helstu samstarfsverkefni mennta- og velferðarsviðs og hefur komið að innleiðingu farsældarlaga. Í stýrihópi Fléttunnar – farsældar barna sitja Amanda K. Ólafsdóttir, skrifstofustjóri menntasviðs, Gunnar Guðmundsson, deildarstjóri íþróttadeildar, Ingunn Mjöll Birgisdóttir, verkefnastjóri á skrifstofu sviðsstjóra menntasviðs, Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, deildarstjóri grunnskóladeildar, Sigrún Hulda Jónsdóttir, deildarstjóri leikskóladeildar, Victor Berg Guðmundsson, deildarstjóri frístundadeildar, Jóhanna Lilja Ólafsdóttir, skrifstofustjóri velferðarsviðs, Dagbjört Rún Guðmundsdóttir, skrifstofustjóri barnaverndar og Þóra Kemp, skrifstofustjóri skrifstofu ráðgjafar á velferðarsviði.

Fræðsla – gátlisti 2.1

Stór hluti af starfi innleiðingarteymis hefur snúið að fræðslu og það hafa verið haldnir fjölmargir fræðslufundir fyrir starfsfólk Kópavogsbæjar og kjörna fulltrúa. Fræðslufundir hafa ýmist verið staðbundnir og/eða rafrænir.

Innleiðingarteymi vinnur í nánú samstarfi við starfsfólk mennta- og velferðarsviðs en mikilvægt er ná fram sameiginlegri sýn og jákvæðni gagnvart verkefninu. Allir starfsmenn sviðanna þurfa að þekkja farsældarlögin og verklag og áherslur hjá Kópavogsbæ. Á sama tíma er mikilvægt fyrir innleiðingarteymi að fá upplýsingar og ráðgjöf frá starfsfólki mennta- og velferðarsviðs um það sem virkar vel og það sem mætti betur fara til að þróa verklag sem virkar og innleiðingin heppnist vel. Innleiðingarteymi þarf því reglulega að kynna og ræða stöðu, verkefni og álitamál sem fylgja innleiðingunni við samstarfsfólk, stjórnendur og pólitíska fulltrúa svo allir séu upplýstir og ólík sjónarmið komi fram.

Það lá strax ljóst fyrir að tengiliðir og málstjórar þyrfti öflugan stuðning og fræðslu og innleiðingarteymi hefur boðið reglulega upp á námskeið, vinnusmiðjur og fræðslufundi allt innleiðingartímabilið. Skólaárið 2023-2024 setti innleiðingarteymi sér það markmið að

vera með staðbundna fræðslufundi um farsældarlögin fyrir starfsfólk sem vinnur með börnum fyrir Kópavogsbæ. Þá voru haldnir fræðslufundnir fyrir starfsfólk í leikskólum, grunnskólum, frístund, félagsmiðstöðvum, skólahljómsveit, tónlistarskóla, vinnuskóla og fyrir dagforeldra. Innleiðingarteymi hefur líka boðið upp á fræðslu og samráðsfundi með heilsugæslu, menntaskóla Kópavogs og íþróttafélögum.

Innleiðingarteymi hefur einnig lagt áherslu á að upplýsingar og fræðsluefni sé aðgengilegt á heimasíðum Kópavogsbæjar og skólanna. Tengiliðir, málstjórar, stjórnendur og fagfólk á mennta- og velferðarsviði hafa einnig aðgang að Teams-svæði farsældar með mikið af fræðsluefni, þ.á.m. kynningarefni sem hægt er að nýta til að kynna samþættingu þjónustu fyrir foreldrum.

Samkvæmt vinnulýsingu fá foreldrar fræðslu um samþættingarlögin þegar fagfólk telur þörf á samþættingu þjónustu eða foreldrar hafa óskað eftir samþættingu þjónustu. Skólar eru einnig hvattir til að kynna samþættingu þjónustu fyrir foreldrum með kynningarglæru frá innleiðingarteymi á fundum í skólum. Síðasta skólaár fengu foreldrar barna í leik- og grunnskólum og starfsfólk skóla einnig tölvupóst þar sem farsældarlögin voru kynnt og hvar mætti finna frekari upplýsingar.

Samkvæmt vinnulýsingu þurfa börn sem eru 15 ára og eldri að fá kynningu á samþættingu þjónustu áður en beiðni um samþættingu þjónustu er samþykkt. Sálfræðingar grunnskólanna kynna farsældarlögin á fræðslufundum um geðrækt hjá nemendum í 9. og 10. bekk þar sem nemendur fá upplýsingar um að þeir geti leitað sjálfir til sálfræðinga og tengiliða farsældar. Sumir skólar hafa einnig hengt upp kynningarveggspjöld um farsældarlögin frá BOFS á vegg skólans og innleiðingarteymi hyggst skoða með skólum hvort slíkt kynningarefni ætti að vera samræmt hjá skólum Kópavogsbæjar. Innleiðingarteymi hefur ekki skipulagt formlega fræðslu fyrir yngri nemendur en áætlað er skoða betur hvernig fræðsla gæti hentað yngri nemendum. Það hefur komið til tals að setja hnapp á spjaldtölvur sem nemendur nýta í skólastarfi þar sem nemendur geta óskað eftir samtali við tengilið. Þessi leið hefur verið nýtt fyrir nemendur sem vilja leita til barnaverndar og er nemendur fá nú þegar kynningu á þessari leið reglulega svo það gæti hentað vel að vinna þetta tvennt saman. Innleiðingarteymi er að skoða þessa leið með stýrihópi barnavæns samfélags og hluteigandi aðilum. Ráðgjafi tengiliða í leikskólum hyggst einnig skoða með leikskólum hvernig við getum fengið raddir leikskólabarna fram með markvissari hætti.

Þegar farið er yfir gátlista 2.1 sem snýr að fræðslu kemur í ljóst að Kópavogsbær hefur lokið 6 aðgerðum af 7. Það sem snýr að fræðslu fyrir börnin er í vinnslu af því við viljum skoða betur hvernig er bæst að fræða þau um farsældarlög og tryggja þeirra rödd í samþættingarmálum. Þó er rétt að taka fram að þó að aðgerðum gátlistans sé lokið, þá er fræðslu um farsældarlögin ekki lokið. Nýtt starfsfólk og starfsfólk sem tekur við nýjum hlutverkum mun alltaf þurfa fræðslu og svo breytast áherslur, verklag og tækni með tímanum. Innleiðingarteymi áætla að skila af sér fræðslu- og endurmenntunaráætlun

þegar það lýkur störfum og rafrænum fræðslumyndböndum fyrir fagfólk til viðbótar við skyldufræðslu frá BOFS.

Stigskipting farsældarþjónustu – úrræðaskjal - gátlisti 2.2

Þegar farið er yfir gátlista 2.2 sem snýr að stigskiptingu farsældarþjónustu og úrræðaskjali kemur í ljóst að Kópavogsbær hefur lokið 6 aðgerðum af 7. Innleiðingarteymi hefur kynnt sér hvað felst í stigskiptingu farsældarþjónustu og hefur unnið excel skjal (úrræðalista - sniðmát frá BOFS) með stigskiptri farsældarþjónustu sem er aðgengilegt tengiliðum, málstjórum, stjórnendum og fagfólki mennta- og velferðarsviðs á Teams-svæði farsældar. Úrræðalistinn er ekki aðgengilegur notendum á heimasíðu þar sem innleiðingarteymi telur ekki vænlegt að halda utan um excel skjal, með upplýsingum um farsældarþjónustu sem Kópavogsbær stýrir ekki og tekur sýfelldum breytingum, á heimasíðu bæjarins. Í skjalinu má finna yfirlit yfir ýmis konar þjónustu frá ríki, sveitarfélögum og einkaaðilum, allt frá almennum leiðum eða fræðsluefni sem snýr ýmist að fagfólki eða fjölskyldum, yfir í sértæk og kostnaðarsöm úrræði sem lítill hópur hefur aðgang að. Við höfum heldur ekki viljað benda á þjónustu sem við vitum ekki nógu mikið um og/eða þjónustu sem foreldra þurfa að greiða fyrir og auglýsa þannig þjónustu sem einkaaðilar hafa fjárhagslegan ávinning af.

Við viljum setja okkur það markmið að upplýsingar um farsældarþjónustu Kópavogsbæjar sé aðgengilegar og notendavænar á heimasíðu bæjarins og stuðla að því að aðrir sem veita farsældarþjónustu í Kópavogsbæ geri það sama, þannig að auðvelt sé fyrir börn, foreldra og starfsfólk að nálgast upplýsingar um þjónustu í bænum. Við viljum líka hafa upplýsingar um leiðir, þjónustu og úrræði sem ríki, einkaaðilar og aðrir bjóða upp á og við treystum okkur til að mæla með aðgengilegar tengiliðum og málstjórum, svo þeir geti leiðbeint börnum og foreldrum um viðeigandi þjónustu. Það hefur einnig komið til tals að bjóða upp á sameiginlegan jafningjavettvang þar sem fagfólk getur deilt upplýsingum um leiðir, þjónustu og úrræði og leitað til hvors annars. Þessi aðgerð er í vinnslu hjá innleiðingarteymi sem mun velja leið í samvinnu við stjórnendur og fagfólk Kópavogsbæjar.

Vinnsla persónuupplýsingar við samþættingu þjónustu – gátlisti 2.3

Innleiðingarteymi hefur lagt áherslu á reglur um vinnslu persónuupplýsinga í vinnulýsingu, fræðslu til starfsfólks og kynningarefni fyrir foreldra til að tryggja að foreldrar veiti upplýst samþykki þegar þau skrifa undir beiðni um samþættingu þjónustu. Þegar farið er yfir gátlista 2.3 sem snýr að vinnslu persónuupplýsinga við samþættingu þjónustu kemur í ljós að Kópavogsbær hefur lokið 4 aðgerðum af 4.

Áður en rafræn beiðni er stofnuð þarf að kynna samþætta þjónustu og meðferð persónuupplýsinga vel fyrir foreldrum svo þau geti veitt upplýst samþykki. Tengiliðir og málstjórar hafa aðgang að glærum og myndbandi með hljóðglærum frá innleiðingarteymi

sem þeir geta nýtt til að kynna samþættingu þjónustu og meðferð persónuupplýsinga fyrir foreldrum.

Tengiliðir farsældar – gátlisti 2.4

Kópavogsbær hefur skipað tengiliði farsældar í alla leik- og grunnskóla. Í leikskólum hafa sérkennslustjórar tekið að sér hlutverk tengiliða en í grunnskólum hafa mismunandi starfsstéttir tekið að sér hlutverkið s.s. deildarstjórar, námsráðgjafar, þroskapiðgjafar og kennarar. Í leikskólum er það oftast einn starfsmaður sem er skilgreindur sem tengiliður farsældar en í grunnskólum eru einn til fimm starfsmenn skilgreindir sem tengiliðir farsældar og skipta með sér nemendahópnum. Skólaárið 2025 – 2026 hafa samtals 56 starfsmenn tekið að sér hlutverk tengiliða farsældar í leik- og grunnskólum. Auk þess hefur ráðgjafi á velferðarsviði tekið að sér hlutverk tengiliðar í 1. stigs málum hjá ungmennum sem sækja ekki skóla. Rétt er að benda á að allir tengiliðir sinna líka öðrum hlutverkum og verkefnum.

Þegar farið er yfir gátlista 2.4 sem snýr að tengiliðum farsældar kemur í ljós að Kópavogsbær hefur lokið 13 aðgerðum af 13. Tengiliðir uppfylla viðmið um hæfi, hafa sótt viðeigandi fræðslu til BOFS og fengið upplýsingar um útgefið stuðningsefni. Samhliða þessu hefur innleiðingarteymi Kópavogsbæjar staðið fyrir fræðslu og stuðningsefni fyrir tengiliði. Tengiliðir geta leitað ráðgjafar og óskað eftir staðbundinni handleiðslu hjá fulltrúum innleiðingarteymis. Tengiliðir hafa nýtt sér þetta í nokkrum mæli og skoða þarf hver tekur við þessu hlutverki þegar innleiðingarteymi lýkur störfum.

Tengiliðir farsældar eru aðgengilegir börnum og foreldrum. Á heimasíðu Kópavogsbæjar kemur fram hvernig er hægt að nálgast tengiliði og foreldrar geta óskað eftir viðtali við tengilið í þjónustugátt. Á heimasíðum skólanna er einnig farsældarhnappur þar sem kemur fram hverjir eru tengiliðir skólans og netföng tengiliða. Eins og kom fram hér að framan er innleiðingarteymi að skoða þá leið að setja hnapp á spjaldtölvur sem nemendur nýta í skólastarfi þar sem nemendur geta óskað eftir samtali við tengilið.

Frá upphafi árs 2025 hefur BOFS óskað eftir miðlægum skráningum um störf tengiliða hjá sveitarfélögum þrisvar á ári. Kópavogsbær nýtir rafrænt beiðnakerfi tengt skráningar- og skjalavistunarkerfinu OneSystems. Talsverð vinna hefur fylgt þróun, fræðslu og eftirfylgd beiðnakerfisins en það gerir innleiðingarteymi kleift að fylgjast með stöðu mála og eykur öryggi tengt skjalavistun og persónuvernd. Hægt er að nýta beiðnakerfið til fá yfirsýn og það er hægt að kalla fram ýmsar upplýsingar. Nú er innleiðingarteymi að vinna að smá breytingum á kerfinu í samstarfi við skjaladeild og OneSystems til að kalla fram upplýsingar í skýrslu til BOFS með auðveldum hætti. Skoða þarf hver tekur við fræðslu og eftirfylgd vegna beiðnakerfis og þeirra upplýsinga sem BOFS óskar eftir þegar innleiðingarteymi lýkur störfum. Í töflum 4 og 5 má sjá upplýsingar sem innleiðingarteymi skilaði til BOFS um fyrstu tvö tímabil ársins 2025.

Tafla 4.

Fjöldi mála á 1. stigi þar sem samþætting hófst 01.01.25 - 30.04.25 og heildarfjöldi við lok tímabils

	Ný mál	Drengir	Stúlkur	Stálp	Erlendur bakgrunnur	Heildarfjöldi
Leikskólar	39	26	13	0	20	134
Grunnskólar	78	58	20	0	16	381
Félagsþjónusta	0	0	0	0	0	0
Samtals	117	84	33	0	0	515

Tafla 5.

Fjöldi mála á 1. stigi þar sem samþætting hófst 01.05.25 - 31.08.25 og heildarfjöldi við lok tímabils

	Ný mál	Drengir	Stúlkur	Stálp	Erlendur bakgrunnur	Heildarfjöldi
Leikskólar	35	19	16	0	10	103
Grunnskólar	32	24	8	0	6	314
Félagsþjónusta	0	0	0	0	0	0
Samtals	67	43	24	0	0	417

Málstjórar farsældar – gátlisti 2.5

Kópavogsbær hefur skipað málstjóra farsældar á velferðarsviði. Skólaárið 2025 – 2026 hafa 7 ráðgjafar barna- og fjölskylduteymis og 13 ráðgjafar barnaverndar tekið að sér hlutverk málstjóra farsældar. Ráðgjafar barna- og fjölskylduteymis sinna málstjórn í samþættingarmálum á 2. stigi en ráðgjafar barnaverndar sinna málstjórn í samþættingarmálum á 3. stigi. Rétt er að benda á að málstjórar sinna líka öðrum hlutverkum og verkefnum í þjónustu við börn og fjölskyldur innan sinna málaflokka.

Barna- og fjölskylduteymi heyrir undir skrifstofu ráðgjafar á velferðarsviði. Teymið veitir almenna og sértæka félagslega þjónustu til barna og fjölskyldna í Kópavogi. Sjö ráðgjafar skipa teymið þar af eru þrír ráðgjafar sérhæfðir í málefnum fatlaðra barna og fjölskyldna og fjórir ráðgjafar ráðnir inn í tengslum við innleiðingu samþættrar þjónustu til að sinna börnum sem ekki eru með skilgreinda fötlun og fjölskyldum þeirra (þar af þrír á grundvelli fjármagns frá jöfnunarsjóði). Þetta teymi veitir þá þjónustu sem áður fyrr var m.a. veitt í málefnum fatlaðra á velferðarsviði auk þess sem brugðist er við auknum skyldum tengt lagabreytingum frá 2018 sem snúa að aukinni félagslegri þjónustu við börn og fjölskyldur ótengt innleiðingu farsældarlaga. Helstu verkefni teymisins eru almenn félagsleg ráðgjöf, upplýsingagjöf og stuðningur vegna barna og sértæk ráðgjöf og stuðningur vegna fatlaðra barna. Í teyminu er tekið á móti umsóknum, metin þörf fyrir og eftir atvikum veitt þjónusta á grundvelli reglna Kópavogsbæjar um stuðning við börn og fjölskyldur. Ráðgjafar sinna síðan málstjórnarhlutverki þegar beiðni um samþættingu þjónustu liggur fyrir á 2. stigi sbr. hlutverk málstjóra í lögunum. Ólík ábyrgð er hjá ráðgjafa eftir því hvort mál er í samþættri þjónustu eða ekki og hvort það er unnið á 1. stigi eða 2. stigi.

Í töflu 6 má sjá fjölda mála í október 2025 á hvern ráðgjafa í barna- og fjölskylduteymi skipt niður í mál sem eru í samþættri þjónustu á stigum 1, 2 og 3 og síðan þau sem ekki eru í samþættri þjónustu.

Tafla 6. Fjöldi mála hjá ráðgjöfum í barna- og fjölskylduteymi í október 2025

	Samþætting þjónustu			Ekki samþætting	Öll mál
	1. stig	2.stig	3. stig		
Ráðgjafi I	24	38	3	21	86
Ráðgjafi II	33	33	1	28	95
Ráðgjafi III	31	10	1	52	94
Ráðgjafi IV	41	18	0	15	74
Ráðgjafi V	34	9	3	23	69
Ráðgjafi VI	24	20	3	23	70
Ráðgjafi VII	24	10	3	53	90
Samtals:	211	138	14	215	578

Í október 2025 voru ráðgjafar barna- og fjölskylduteymis með um 83 mál í vinnslu, að meðaltali, og þar af sinna þeir að málstjórn í samþættingarmálum á 2. stigi í um 20 málum, að meðaltali.

Starfsemi á skrifstofu barnaverndarþjónustu Kópavogs er skipulögð þannig að starfrækt eru tvö teymi annars vegar könnunarteymi og hins vegar meðferðarteymi. Skrifstofan ber ábyrgð á móttöku og meðferð tilkynninga sem berast til barnaverndarþjónustu vegna barna með lögheimili í Kópavogi. Hún sér um könnun mála þegar tekin hefur verið ákvörðun um að hefja könnun á aðstæðum barns á grundvelli barnaverndarlaga og sér um meðferð mála að lokinni könnun þegar talin er ástæða til áframhaldandi afskipta barnaverndarþjónustu á grunni barnaverndarlaga. Samkvæmt lögum ber barnavernd að kynna samþætta þjónustu fyrir þeim fjölskyldum sem á þurfa að halda við upphaf könnunar, við vinnslu máls og lokun þess eftir atvikum. Þegar mál eru í samþættri þjónustu tekur ráðgjafi barnaverndar við málstjórn á 3. stigi þegar tekin er ákvörðun um að taka mál til meðferðar í barnavernd að könnun lokinni. Flest mál sem fara til meðferðar í barnavernd færast frá könnunarteymi til meðferðarteymis svo flestir málstjórar farsældar eru starfandi í meðferðarteymi barnaverndar en í sumum tilvikum halda ráðgjafar könnunarteymis áfram með mál í meðferð og geta því verið málstjórar farsældar í 3. stigs málum.

Á ársgrundvelli berast í kringum 1400 tilkynningar til barnaverndar vegna rúmlega 1000 barna í Kópavogi. Af þeim tilkynningum er ákveðið að hefja könnun í um helmingi tilkynninga. Að jafnaði eru í kringum 300 mál til vinnslu í barnavernd á hverjum tíma, þar af tveir þriðju í meðferð og einn þriðji í könnun. Við síðustu skil á skráningum í farsæld til BOFS fyrir tímabilið 1.5.25 til 31.8.25 voru 66 mál í vinnslu hjá barnavernd á 3. stigi samþættingar með málstjórn. Markmið farsældarlaga eru m.a. að bregðast snemma við

þannig að sem fæst mál þurfi að vinna til barnavernd. Það mun taka mörg ár að sjá árangur af þessari vinnu í tölum barnaverndar. Á fyrstu sex mánuðum ársins 2025 samanborið við sama tíma árið 2024 var heildarfjöldun tilkynninga til barnaverndarþjónustu Kópavogs um 26%. Tilkynningum vegna vanrækslu hefur fjölgað um 36%, vegna ofbeldis um 31 % og vegna áhættuhegðunar um 17 %. Vonir standa til að með réttum stuðningi á réttum tíma, frá réttum aðilum megi fækka þessum tilkynningum.

Þegar farið er yfir gátlista 2.4 sem snýr að málstjórum farsældar kemur í ljós að Kópavogsbær hefur lokið 9 aðgerðum af 9. Málstjórar uppfylla viðmið um hæfi, hafa sótt viðeigandi fræðslu til BOFS og fengið upplýsingar um útgefið stuðningsefni. Samhliða þessu hefur innleiðingarteymi Kópavogsbæjar staðið fyrir fræðslu og stuðningsefni fyrir málstjóra. Málstjórar geta leitað ráðgjafar og óskað eftir staðbundinni handleiðslu hjá fulltrúum innleiðingarteymis. Skoða þarf hver tekur við þessu hlutverki þegar innleiðingarteymi lýkur störfum.

Frá upphafi árs 2026 hefur BOFS óskað eftir miðlægum skráningum um störf málstjóra hjá sveitarfélögum þrisvar á ári. Eins og fram hefur komið nýtir Kópavogsbær rafrænt beiðnakerfi tengt skráningar- og skjalavistunarkerfinu OneSystems þar sem hægt er að sækja upplýsingar sem BOFS óskar eftir. Í töflum 7 og 8 hér fyrir neðan má sjá upplýsingar sem innleiðingarteymi skilaði til BOFS um fyrstu tvö tímabil ársins 2025.

Tafla. 7

Fjöldi mála á 2. og 3. stigi þar sem samþætting hófst 01.01.25-30.04.25 og heildarfjöldi við lok tímabils

	Ný mál	Drengir	Stúlkur	Stálp	Erlendur bakgrunnur	Heildarfjöldi
Málstjórar félagsþjónustu	2	1	1	0	1	159
Málstjórar barnaverndar	4	2	2	0	1	50
Samtals	6	3	3	0	2	209

Tafla. 8

Fjöldi mála á 2. og 3. stigi þar sem samþætting hófst 01.05.25-31.08.25 og heildarfjöldi við lok tímabils

	Ný mál	Drengir	Stúlkur	Stálp	Erlendur bakgrunnur	Heildarfjöldi
Málstjórar félagsþjónustu	0	0	0	0	0	162
Málstjórar barnaverndar	10	7	3	0	6	66
Samtals	10	7	3	0	6	228

Farsældarráð

Sveitarfélögin Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnesbær hafa tekið ákvörðun um að mynda sameiginlegt svæðisbundið farsældarráð skv. 5. gr. laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar

barna nr. 86/2021 og á grundvelli 92. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 38/2011. Farsældarráð höfuðborgarsvæðisins verður samráðsvettvangur sveitarfélaga og þjónustuaðila sem starfa í þágu barna á svæðinu. Ráðið styður við stefnumótun og samhæfingu þjónustu í samræmi við farsældarlög og leggur fram tillögur að sameiginlegum áherslum. Ráðið setur fram fjögurra ára aðgerðaáætlun sem lögð er fyrir sveitarstjórnir og viðeigandi stjórnvöld eða yfirstjórn til samþykktar. Samkvæmt farsældarlögum skal ráðið skipað fulltrúum stofnana sem skilgreindar eru sem þjónustuveitendur í lögunum, auk annarra aðila sem teljast mikilvægir þátttakendur í svæðisbundnu samráði. Ráðið fundar að lágmarki tvisvar á ári og tilnefna aðilar ráðsins aðal- og varafulltrúa. Undirbúningur að skipan farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins er langt kominn innan samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og síðan verða þau lögð fyrir sveitarstjórnir til samþykktar. Stefnt er á að ráðið taki til starfa í nóvember 2025.

Næstu skref

Út frá stöðumati byggðu á; a) stöðu mála í rafræna beiðnakerfinu, b) rýnifundum með tengiliðum, málstjórum og stjórnendum, c) handbók og gátlistum frá BOFS og d) reynslu fulltrúa innleiðingarteymis byggða á samstarfi við börn, foreldra og samstarfsfólk sem kemur að farsældarþjónustu og innleiðingu farsældarlaga í Kópavogsbæ, nágrennasveitarfélögum og á landsvísi, leggur innleiðingarteymi til að lögð verða áhersla á eftirfarandi verkefni út árið 2026:

1. Úrbætur á rafræna beiðnakerfin (OneSystem) til að auðvelda yfirsýn og skráningar til BOFS.
2. Stöðumat í skólum - Gátlistar innleiðingar farsældarlaga í leik- og grunnskólum.
3. Vitundarvakning skóla- og frístundasamfélagsins – farsældin í æðakerfið. Innra skipulag og upplýsingar/fræðsla til barna, foreldra og starfsfólks.
4. Vinna viðmið og verklag tengt samþættingu þjónustu á 2. og 3. stigi og beiðni um málstjóra í samstafi við rýnihóp.
5. Styrkja könnunarteymi barnaverndar í sínu hlutverki út frá farsældarlögunum.
6. Styrkja málstjóra barnaverndar og samþættingu þjónustu á 3. stigi.
7. Uppfærður „úrræðalisti“ aðgengilegur tengiliðum og málstjórum.
8. Upplýsingar um farsældarþjónustu aðgengilegar á heimasíðu.
9. Fræðsla og upplýsingar til barna og foreldra um farsældarlög og aðgengi að tengiliðum.
10. Virkja þátttöku barna í samþættingu þjónustu.
11. Samráðsfundir með heilsugæslu, menntaskóla og íþrótt- og tómstundafélögum.

12. Skipuleggja farsældarviku í samstarfi við nærliggjandi sveitarfélög og þá sem veita farsældarþjónustu í Kópavogsbæ.
13. Rafræn fræðslumyndbönd um farsældarlög, rafræna beiðnakerfið (OneSystems) og verkefni samþættingar.
14. Fræðslu- og endurmenntunaráætlun.
15. Fullunnin vinnulýsing um samþættingu þjónustu, skil skólastiga og öryggishópa.
16. Gátlistar fyrir stjórnendur skóla, deilda og sviða.
17. Færa verkefni og ábyrgð innleiðingarteymis til stjórnenda og stýrihóps Fléttunnar – farsældar barna og gera innleiðingarteymi óparft.

Nánari upplýsingar um næstu skref má finna í aðgerðaáætlun í viðauka 1. Samhliða þessum verkefnum sem innleiðingarteymi hyggst ljúka á innleiðingartímanum þarf að styðja áfram við aðgerðir sem þegar eru farnar af stað s.s. tengdar fræðslu og stuðningi við tengiliði, málstjóra og stjórnendur.

Markmið innleiðingarteymis farsældarlaga er skila verkefni sínu af sér eins sjálfbæru og mögulegt er, þannig að verklag verði í skýrum farvegi og börn, foreldrar og starfsfólk vinni saman að farsæld barna í samræmi við farsældarlög. Innleiðingarteymi vill einnig tryggja að gögn og upplýsingar sem hafa safnast saman á innleiðingartímanum verði aðgengileg þeim sem áður þurfa að halda á notendavænan hátt eftir að innleiðingartímanum lýkur. Þó að innleiðingartíma ljúki þá er farsældarvinna í samræmi við farsældarlög rétt að hefjast og verklag mun halda áfram að þróast og starfsfólk mun áfram þurfa fræðslu, ráðgjöf og stuðning. Innleiðingarteymi áætlað að skila af sér fræðslu- og endurmenntunaráætlun og færa ábyrgð á sínum verkefnum á aðra stjórnendur til að reyna tryggja áframhaldandi farsældarvinnu í Kópavogsbæ.

Aðgerðaráætlun innleiðingar farsældarlaga - nóvember 2025 - janúar 2027			
Sveitarfélag: Kópavogsbær			
Ábyrgðarmaður aðgerðaráætlunar: Sólveig Norðfjörð			
Heiti aðgerðar	Ábyrgð aðgerðar	Samstarfaðilar	Framkvæmd og tímarammi
1. Úrbætur á rafræna beiðnakerfinu til að auðvelda yfirsýn og skráningar til BOFS	Sólveig	Innleiðingarteymi Skjaladeild OneSystems Öryggishópur beiðna	1. Kynningarfundur með OneSystems - Lokið 2. Kópavogsbær og OneSystems vinna að lausn - desember 2025 3. Lausnin prófuð við skil á skráningum - janúar 2026 4. Vinnulýsing og leiðbeiningar uppfærðar - janúar 2026 5. Nýtt verklag kynnt fyrir notendum - janúar til febrúar 2026
2. a) Stöðumat í skólum - Gáttlisti farsældar í leikskólum	Elísa	Innleiðingarteymi Stjórnendur leikskóla Tengiliðir leikskóla	1. Upplýsingar um gáttlista sendar á stjórnendarteymi leikskóla - Lokið 2. Rýnifundur um innihald og aðgerðir tengdar gáttlista sumar 2025 - Lokið 3. Tengiliðir og stjórnendur svara gáttlista og skilgreina aðgerðir - sumar/haust 2025 4. Kallað eftir útfylltum gáttlistum og aðgerðum - haust 2025 og maí 2026 5. Yfirferð og samantekt á niðurstöðum gáttlista og aðgerðum - janúar og júní 2026 6. Rýnifundur endurteknir - júní til september 2026 7. Eftirfylgd og stuðningur innleiðingarteymis út árið 2026
2. b) Stöðumat í skólum - Gáttlisti farsældar í grunnskólum	Sólveig	Innleiðingarteymi Stjórnendur grunnskóla Tengiliðir grunnskóla	1. Upplýsingapóstur til tengiliða og skólastjóra um gáttlista -Lokið 2. Kynning á gáttlista - Teamsfundur - desember 2025 3. Tengiliðir og skólastjórar svara gáttlista - janúar til febrúar 2026 4. Rýnifundur um niðurstöður gáttlista og aðgerðir - janúar til febrúar 2026 5. Samantekt á niðurstöðum kynntar fyrir samstarfsaðilum - mars 2026 6. Tengiliðir og skólastjórar svara gáttlista - ágúst til september 2026 7. Rýnifundur endurteknir í skólum - ágúst til september 2026 8. Eftirfylgd og stuðningur innleiðingarteymis út árið 2026
3.a. Vitundarvakning leikskólasamfélagsins - Farsældin í æðakerfið. - Upplýsingar/fræðsla til barna, foreldra og starfsfólks leikskóla.	Elísa	Innleiðingarteymi Menntasvið Tengiliðir leikskóla Stjórnendur og starfsfólk leikskóla	1. Rýnifundur í leikskólum sumar 2025 og júní til september 2026 - stöðumat og aðgerðir innan skóla (sjá aðgerð 2.a.) 2. Samráðsfundur með leikskóladeild vor og haust 2026 3. Eftirfylgd og stuðningur innleiðingarteymis út árið 2026
3.b. Vitundarvakning skóla og frístundasamfélagsins - Farsældin í æðakerfið. - Upplýsingar/fræðsla til barna, foreldra og starfsfólks grunnskóla, frístunda og félagsmiðstöðva.	Sólveig	Innleiðingarteymi Menntasvið Tengiliðir grunnskóla Stjórnendur og starfsfólk, grunnskóla, frístunda og félagsmiðstöðva	1. Rýnifundur í grunnskólum í janúar til febrúar og ágúst til september 2026 - stöðumat og aðgerðir innan skóla (sjá aðgerð 2.b) 2. Samráðsfundur með forstöðumönnum frístunda og félagsmiðstöðva skólaárið 2025-2026 og haustið 2026 3. Samráðsfundur fundur með grunnskóladeild, frístundadeild og íþróttadeild, vor og haust 2026 4. Eftirfylgd og stuðningur innleiðingarteymis út árið 2026

4. Vinna viðmið og verklag tengt samþættingu þjónustu á 2. og 3. stigi í samstafi við rýnihóp	Jóhanna Lilja og Sólveig	Innleiðingarteymi Tengiliðir og málstjórar Stjórnendur skóla og velferðarsviðs Skjaladeild	1. Samráðsfundur á Teams með tengiliðum, málstjórum og stjórnendum - Lokið 2. Stofna rýnihóp - Lokið 3. Vinna viðmið - 3 fundir í desember 2025 a) hvers konar mál vinnum við á öðru stigi b) skýrt verklag þegar óskað er eftir málstjóra c) starfslýsing málstjóra/viðmið um samþættingu á 2. og 3. stigi d) viðmið og verklag tengt því að færa mál aftur á 1. stig 4. Kalla eftir athugasemdum og ábendingum - desember 2025 5. Uppfæra verklag í Onesystems og vinnulýsingu - janúar 2026 6. Vinna fræðsluefni og leiðbeiningar - janúar 2026 7. Fræðslu- og kynningarfundur á Teams - janúar 2026
5. Styrkja könnunarteymi barnaverndar í sínu hlutverki út frá farsældarlögum	Jóhanna Lilja og Sólveig	Innleiðingarteymi Könnunarteymi Stjórnendur á velferðarsviði	1. Samráðs- og fræðslufundur - Lokið 2. Stöðumat í OneSystems og eftirfylgdarfundir með málstjórum og skrifstofustjóra vor og haust 2026 3. Eftirfylgd og stuðningur innleiðingarteymis út árið 2026
6. Styrkja málstjóra barnaverndar og samþættingu þjónustu á 3. stigi	Jóhanna Lilja og Sólveig	Innleiðingarteymi Meðferðarteymi Stjórnendur á velferðarsviði	1. Samráðsfundur í desember 2025 2. Einstaklingshandleiðsla eftir þörfum 3. Stöðumat í OneSystems og eftirfylgdarfundir með málstjórum og skrifstofustjóra vor og haust 2026 4. Eftirfylgd og stuðningur innleiðingarteymis út árið 2026
7. Uppfærður „úrræðalisti“ aðgengilegur tengiliðum og málstjórum	Elísa og Sólveig	Innleiðingarteymi Tengiliðir og málstjórar Mennta- og velferðarsvið	1. Innleiðingarteymi uppfærir „úrræðalista“ og kallar eftir ábendingum - febrúar 2026 2. Kynningarfundur fyrir tengiliði og málstjóra á Teams - mars 2026 3. Innleiðingarteymi uppfærir „úrræðalista“ og kallar eftir ábendingum - ágúst 2026 4. Kynningarfundur fyrir tengiliði og málstjóra á Teams - september 2026 5. Ábyrgð á úrræðalista færð til mennta- og velferðarsviðis - október 2026
8. Upplýsingar um farsældarþjónustu aðgengilegar á heimasíðu	Jóhanna Lilja	Innleiðingarteymi Stjórnendur mennta- og velferðarsviðs og skóla Ábyrgðaraðilir heimasíðu	1. Innleiðingarteymi tekur saman upplýsingar sem ættu að vera aðgengilegar á heimasíðu bæjarins og skólanna - febrúar 2026 2. Innleiðingarteymi setur sig í sambandi við þá sem bera ábyrgð á heimasíðum og kemur með tillögu - maí 2026
9. Fræðsla og upplýsingar til barna og foreldra um farsældarlög og aðgengi að tengiliðum	Elísa og Sólveig	Innleiðingarteymi Tengiliðir Stjórnendur skóla og menntasviðs Skjaladeild Stýrihópur barnvæns sveitarfélags Foreldrar og börn	1. Innleiðingarteymi metur stöðuna og leiðir sem koma til greina - desember 2025 - janúar 2026 2. Innleiðingarteymi vinnur tillögur í samstarfi við stýrihóp barnvæns sveitarfélags - desember 2025 - janúar 2026 3. Tillögur kynntar á Teams fundi með samstarfsaðilum og ræddar á rýni- og samráðsfundum - janúar til mars 2026 4. Samráðsfundir með foreldrum og nemendum, mögulega í tengslum við farsældarviku - mars til apríl 2026 5. Ákvarðanir teknar, verklag þróað, unnar leiðbeiningar og upplýsingar gerðar aðgengilegar á heimasíðu - apríl til júní 2026 6. Verklag tekur gildi - ágúst 2026 7. Upplýsinga- og fræðslufundur á Teams - ágúst 2026 8. Verlag kynnt fyrir börnum og foreldrum - ágúst til september 2026

10. Virkja þátttöku barna í samþættingu þjónustu	Elísa	Innleiðingarteymi Tengiliðir og málstjóra Stjórnendur og starfsfólk skóla og menntasviðs	1. Rafræn könnun til tengiliða og málstjóra um núverandi þátttöku barna í samþættingu þjónustu og leiðir til að fá fram rödd barna - janúar 2026 2. Unnið úr niðurstöðum könnunar og upplýsingum safnað um fjölbreyttar aldursrsvandi leiðir og efnivið til að fá fram rödd barna - febrúar 2026 3. Óska eftir fulltrúum frá leik- og grunnskólum og málstjórum í rýni- og vinnuhóp - febrúar 2026 4. Samráðsfundir með foreldrum og nemendum, mögulega í tengslum við farsældarviku - mars til apríl 2026 5. Rýni- og vinnuhópur velur leiðir og efnivið og útbýr verklag í samráði við fulltrúa innleiðingarteymis - mars 2026 6. Kynna verklag og efnivið á Teams fundi með tengiliðum, málstjórum og starfsfólki menntasviðs - apríl 2026 7. Rafræn könnun endurtekin og niðurstöður nýttar til frekari eftirfylgdar og úrbóta - nóvember 2026
11. Samráðsfundur með heilsugæslu, menntaskóla og íþrótt- og tómstundafélögum	Sólveig	Innleiðingarteymi Tengiliðir og málstjórar Menntasvið Fulltrúar frá heilsugæslu, menntaskóla og íþróttafélögum	1. Fá fulltrúa úr hópi tengiliða og málstjóra og fagfólk menntasviðs með í verkefnið - janúar 2026 2. Skipuleggja dagskrá, finna fundartíma og senda fundarboð - janúar 2026 3. Samráðsfundur með fulltrúum heilsugæslu, menntaskóla, íþrótt- og tómstundafélaga - febrúar til apríl 2026 4. Niðurstöður funda kynntar fyrir samstarfsaðilum - maí 2026
12. Skipuleggja farsældarviku í samstarfi við nærliggjandi sveitarfélög og þá sem veita farsældarþjónustu í Kópavogsbæ	Sólveig	Innleiðingarteymi Verkefnastjórar innleiðingar farsældarlagu á höfuðborgarsvæðinu Tengiliðir og málstjórar Stjórnendur og starfsfólk skóla, mennta- og velferðarsviðs Fagfólk sem veitir farsældarþjónustu í Kópavogi	1. Samráðsfundur með verkefnastjórum á höfuðborgarsvæðinu - nóvember til desember 2026 2. Fá skóla, mennta- og velferðarsvið í samstarf og skipuleggja dagskrá - janúar til febrúar 2026 3. Senda upplýsingar til heilsugæslu, menntaskóla, íþrótt- og tómstundarfélagu og bjóðum þeim að taka þátt - janúar 2026 4. Farsældarvika - mars 2026 5. Ræða farsældarviku á samráðsfundum með heilsugæslu, menntaskóla, íþrótt- og tómstundarfélagu (sjá aðgerð 11) - febrúar til apríl 2026 6. Færa ábyrgð á farsældarviku til stýrihóps Fléttunnar - farsældar barna - september 2026 7. Eftirfylgd og stuðningur innleiðingarteymis út árið 2026
13.a. Rafræn fræðslumyndbönd um farsældarlög og samþættingu þjónustu	Elísa, Jóhanna Lilja og Sólveig	Innleiðingarteymi Skrifstofa mannauðs- og kjaramála Tengiliðir og málstjórar	1. Yfirfara þörf fyrir fræðslu og skipuleggja næstu skref - nóvember 2025, mars 2026 og ágúst 2026 2. Fræðslumyndbönd um gerð frummats, fundargerða og stuðningsáætlana - desember 2025 - febrúar 2026 3. Vinna glærur ásamt handriti 4. Taka upp fræðslu í „streams“ í microsoft 365 5. Fá skrifstofu mannauðs- og kjaramála til að setja myndböndin inn á fræðslutorgið
13.b. Rafræn fræðslumyndbönd um rafræna beiðnakerfið (OneSystems)	Ingunn, Jóhanna Lilja og Sólveig	Innleiðingarteymi Skjaladeild Skrifstofa mannauðs- og kjaramála	1. Yfirfara þörf fyrir fræðslu og skipuleggja næstu skref - nóvember 2025, mars 2026 og ágúst 2026 2. Vinna glærur ásamt handriti 3. Taka upp fræðslu í „streams“ í microsoft 365 4. Fá skrifstofu mannauðs- og kjaramála til að setja myndböndin inn á fræðslutorgið
14. Fræðslu- og endurmenntunaráætlun	Elísa, Jóhanna Lilja og Sólveig	Innleiðingarteymi Tengiliðir og málstjórar Stjórnendur og starfsfólk skóla, menntasviðs og velferðarsviðs Skjaladeild Stýrihópur barnvæns sveitarfélags Stýrihópur Fléttunnar - farsældar barna	1. Drög að fræðslu- og endurmenntunaráætlun - Lokið 2. Innleiðingarteymi uppfærir áætlun út frá Barnvænu samfélagi og fræðsluþörfum starfsfólks í heild í samstarfi við skrifstofustjóra menntasviðs - desember 2025 - apríl 2026 3. Áætlun send á samstarfsaðila og óskað eftir athugasemdum - apríl 2026 4. Innleiðingarteymi fullvinnur fræðslu- og endurmenntunaráætlun og kynnir fyrir samstarfsaðilum á Teams - maí til júní 2026 5. Fræðslu- og endurmenntunaráætlun tekur gildi - ágúst 2026 6. Innleiðingarteymi fylgir eftir fræðslu- og endurmenntunaráætlun með stjórnendum og stýrihópi Fléttunnar - farsældar barna á haustönn 2026

15.a. Fullunnin vinnulýsing um samþættingu þjónustu	Ingunn og Sólveig	Innleiðingarteymi Skjaladeild Tengiliðir og málstjórar Stjórnendur skóla, mennta- og velferðarsviðs	1. Innleiðingarteymi og skjaladeild uppfæra vinnulýsingu - nóvember til desember 2025 2. Tengiliðir, málstjórar og stjórnendur beðnir að lesa yfir og koma með athugasemdir eða ábendingar - janúar 2026 3. Fræðlufundur um vinnulýsingu fyrir tengiliði, málstjóra og stjórnendur á Teams - janúar 2026 4. Vinnulýsing uppfærð - maí 2026 5. Tengiliðir, málstjórar og stjórnendur beðnir að lesa yfir og koma með athugasemdir eða ábendingar - maí til júní 2026 6. Fræðlufundur um vinnulýsingu fyrir tengiliði, málstjóra og stjórnendur á Teams - ágúst til september 2026 7. Vinnulýsing í gæðakerfi Kópavogsbæjar - október til desember 2026
15.b. Fullunnin vinnulýsing um aðgengi og öygghópa	Ingunn og Sólveig	Innleiðingarteymi Skjaladeild Tengiliðir og málstjórar Stjórnendur skóla, mennta- og velferðarsviðs	1. Innleiðingarteymi og skjaladeild uppfæra vinnulýsingu - nóvember til desember 2025 2. Tengiliðir, málstjórar og stjórnendur beðnir að lesa yfir og koma með athugasemdir eða ábendingar - desember 2026 3. Fræðlufundur um vinnulýsingu fyrir tengiliði, málstjóra og stjórnendur á Teams - janúar 2026 4. Vinnulýsing uppfærð - maí 2026 5. Tengiliðir, málstjórar og stjórnendur beðnir að lesa yfir og koma með athugasemdir eða ábendingar - maí til júní 2026 6. Fræðlufundur um vinnulýsingu fyrir tengiliði, málstjóra og stjórnendur á Teams - ágúst 2026. 7. Vinnulýsing í gæðakerfi Kópavogsbæjar - október til desember 2026
15.c. Fullunnin vinnulýsing um skil skólastiga	Ingunn og Sólveig	Innleiðingarteymi Skjaladeild Tengiliðir og málstjórar Stjórnendur skóla, mennta- og velferðarsviðs	1. Innleiðingarteymi og skjaladeild uppfæra vinnulýsingu - nóvember og desember 2025 2. Tengiliðir, málstjórar og stjórnendur beðnir að lesa yfir og koma með athugasemdir eða ábendingar - desember 2025 3. Fræðlufundur um vinnulýsingu fyrir tengiliði, málstjóra og stjórnendur á Teams - mars 2026 4. Vinnulýsing uppfærð - maí í 2026 5. Tengiliðir, málstjórar og stjórnendur beðnir að lesa yfir og koma með athugasemdir eða ábendingar - maí til júní 2026 7. Fræðlufundur um vinnulýsing fyrir tengiliði, málstjóra og stjórnendur á Teams - ágúst 2026. 8. Vinnulýsing í gæðakerfi Kópavogsbæjar - október til desember 2026
16. Gáttlistar fyrir stjórnendur skóla, menntasviðs og velferðarsviðs	Ingunn og Sólveig	Innleiðingarteymi Skjaladeild Stjórnendur skóla, menntasviðs og velferðarsviðs Stýrihópur Fléttunnar - farsældar barna	1. Innleiðingarteymi vinnur gáttlista og kortlagningu fyrir stjórnendur - desember 2025 til janúar 2026 2. Gáttlisti og kortlagning send til stjórnenda og óskað eftir athugasemdum og ábendingum - janúar 2026 3. Fundur með stýrihópi Fléttunnar - farsældar barna - janúar 2026 4. Staðbundinn samráðsfundur með skólastjórum leikskóla - febrúar til mars 2026 5. Staðbundinn samráðsfundur með skólastjórum grunnskóla - febrúar til mars 2026 6. Samráðsfundur með sviðsstjórum - apríl til maí 2026 7. Fræðslufundur á Teams með stjórnendum - ágúst 2026 8. Gáttlisti sendur til stjórnenda og óskað eftir athugasemdum og ábendingum - ágúst til september 2026 9. Fræðslumynband á Eloomi - október til desember 2026
17. a. Fræðsla og yfirfærsla á ábyrgð til stjórnenda skóla og sviða	Elísa, Jóhanna Lilja og Sólveig	Innleiðingarteymi Skjaladeild Stjórnendur skóla, menntasviðs og velferðarsviðs Stýrihópur Fléttunnar - farsældar barna	1. Ábyrgð skilgreind og þörf fyrir fræðslu kortlögð út frá farsældalögum, gáttlistum og vinnulýsingu (tengist aðgerðum um gáttlista, vinnulýsingar, farsældin í æðakerfið og fræðslu- og endurmenntunaráætlun) - desember 2025 til janúar 2026 2. Rýni-, fræðslu- og samráðsfundir með samstarfsaðilum - janúar til desember 2026

17.b. Fræðsla og yfirlærsla á ábyrgð til stýrihóps Fléttunnar	Elísa, Jóhanna Lilja og Sólveig	Innleiðingarteymi Skjaladeild Stýrihópur Fléttunnar - farsældar barna Sviðsstjórar mennta- og velferðarsviðs	1. Ábyrgð skilgreind og þörf fyrir fræðslu kortlögð út frá farsældalögum, gáttlistum og vinnuslýsingu (tengist aðgerðum um gáttlista, vinnulýsingar og farsældin í æðakerfið) - desember 2025 til janúar 2026 2. Fundir innleiðingarteymis og stýrihóps Fléttunnar-farsældar barna í janúar, maí, september 2026 og janúar 2027 3. Fundur með innleiðingarteymi, stýrihóp Fléttunnar-farsældar barna og sviðsstjórum í október 2026
---	---------------------------------	---	---